

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	2
2. Markmið og skipulag.....	4
3. Skipurit körfuknattleiksdeildar.....	6
4. Umgjörð þjálfunar og keppni.....	10
5. Leikmannasamningar.....	13
6. Fjármál.....	14
7. Þjálfarar og þjálfaramenntun.....	15
8. Félagsstarf.....	16
9. Foreldrastarf.....	18
10. Forvarnarstarf.....	19
11. Jafnréttismál.....	24
12. Umhverfismál.....	25
13. Fylgiskjöl.....	26
Vottun og viðurkenning.....	29

1. Inngangur

Á almennum fundi í Borgarnesi þann 3. desember 1916 var stofnað ungmennafélag. Fundarboðendur voru fjórir, Þórður Ólafsson, Þórður Eyjólfsson, Júlíus Jónsson og Jónas Kristjánsson. Gengið var frá stofnun félagsins, voru stofnendur skráðir tuttugu og sex og félaginu gefið nafnið Ungmennafélagðið Skallagrímur. Í fyrstu stjórn félagsins voru Þórður Ólafsson formaður, Þorkell Teitsson ritari og Þórður Eyjólfsson féhirðir. Til vara voru Jónas Kristjánsson varaformaður, Björn Skúlason vararitari og Jónas Einarsson varaféhirðir.

Í gegnum tíðina hefur ungmennafélagið staðið í mörgu allt frá garðrækt, byggingu félags- og íþróttamannvirkja, leiklist, til víðtæks íþrótt- og menningalífs í Borgarnesi.

Nú eru starfandi sex deildir innan Skallagríms en þær eru eftirtaldar, badminton-, frjálsíþrótt-, körfuknattleiks- knattspyrnu-, leiklistar- og sunddeild. Félagið hefur verið deildarskipt síðan 1973 og hefur aðalstjórn starfað sem eftirlits- og aðhaldsstjórn fyrir deildir innan félagsins.

Upphaf körfuknattleiksæfinga hjá UMF Skallagrími má rekja til ársins 1958 þegar Guðmundur Sigurðsson flytur í Borgarnes. Guðmundur hafði komist í kynni við körfuknattleik í kennaraskólanum og kom með sína kunnáttu og þekkingu á íþróttinni er hann byrjaði að kenna við grunnskólann. Hann byrjaði fljótlega að þjálfva bæði karla- og kvennaflokka og var upphafsmaður bæjarkeppni milli Borgarness og Stykkishólms í körfubolta.

Bjarni Bachman kemur til starfa í grunnskólanum árið 1962. Bjarni, líkt og Guðmundur, hafði lært körfuknattleik meðfram kennaranámi en hann hafði verið í íþróttakennaranámi á Laugarvatni. Bjarni tók að sér yngri flokka þjálfun og kom fljótt upp mjög öflugum liðum. Hann gerði 3. fl. Karla að Íslandsmeisturum árið 1968 og endurtók leikinn árið eftir þegar drengir í 2. flokki urðu Íslandsmeistarar árið 1969.

UMF Skallagrímur varð fyrsta liðið utan Reykjavíkur til að verða Íslandsmeistari í kvennaflokki með sigri á ÍR (23:22) árið 1964.

Fyrsti heimavöllur UMF Skallagríms var lítill íþróttasalur í grunnskólanum sem var byggður árið 1949. Settar voru upp körfur sem bandarískir hermenn höfðu skilið eftir í Borgarnesi. Á árunum 1978- 1981 voru miklar framkvæmdir í Borgarnesi. Borgarfjarðarbrúin var opnuð umferð árið 1981 og ný íþróttamiðstöð árið 1978.

Með nýju íþróttahúsi var nú loks mögulegt fyrir áhorfendur að fjölmenna á leiki UMF Skallagríms. Heimavöllur liðsins gekk lengi vel undir nafninu Krókóðflakjallarinn en er betur þektur undir nafninu Fjósið í dag.

Handbók þessi lýsir skipulagi og áherslum í starfi Körfuknattleiksdeildar Skallagríms. Við ritun hennar var stuðst við handbók ÍSÍ um fyrirmyndarfélag. Handbókin er unnin í samvinnu stjórnar deildarinnar, iðkenda og foreldra þeirra. Í handbókinni er reynt að leggja áherslu á alla þætti deildarinnar, íþróttalega, félagslega og fjárhagslega. Handbókinni er ætlað að vera einskonar skipulagsskrá deildarinnar sem stjórn, þjálfarar, iðkendur og foreldrar geta stuðst við og leitað í við dagleg störf að málefnum deildarinnar.

2. Markmið og skipulag

Markmiðið með handbók þessari er að fyrir liggi á einum stað skipulag og uppbygging deildarinnar ásamt áherslum í þjálfun. Handbókinni er ætlað að vera lifandi plagg og í stöðugri endurskoðun. Í handbókinni skulu iðkendur og félagsmenn finna áherslur og

markmið með starfseminni. Handbókin skal liggja frammi á vef deildarinnar og vera öllum aðgengileg.

2.1 Markmið deildarinnar

Fjárhagsleg:

- Að rekstur Körfuknattleiksdeildar Skallagríms sé sjálfbær þ.e. að gjöld verði aldrei hærri en tekjur.
- Að fjárhagur yngri og eldri flokka sé aðskilinn sem og fjárhagur eldri flokka karla og kvenna.
 - Yngri flokkar teljast 10 flokkur og niður (allir flokkar)
 - Eldri flokkar karla teljast drengja-, unglunga og m.fl karla
 - Eldri flokkar kvenna teljast stúklna-, unglunga og m.fl kvenna
- Að fjárhagsáætlun verði gerð ekki seinna en í nóvember fyrir næsta starfsár og skipt niður á yngri (alla flokka) og eldri flokka (aðskilinn karla og kvenna).
- Að rekstur sé ábyrgur og í samræmi við lög og reglur hverju sinni.
- Að stöðugt sé fylgst með stöðu fjármála og gripið sé til aðgerða ef stefna þykir í óefni. Ekki skal efnt til útgjalda sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun nema að fyrir liggir hvernig fjár sé aflað til að mæta þeim útgjöldum. Slíkar breytingar skulu í öllum tilfellum hljóta samþykki stjórnar deildarinnar.

Íþróttaleg:

- Jákvæð upplifun af körfuknattleik er megin inntak allrar þjálfunar.
- Að börn og unglingar nái sem bestum tökum á íþróttinni miðað við sínar forsendur.
- Að allir iðkendur finni farveg fyrir þörf sína fyrir íþróttaiðkun á uppbyggilegan og jákvæðan hátt.
- Að félagið okkar verði ávallt í fremstu röð á landinu hvað þjálfun og umgjörð félagsins varðar og að allir þjálfarar sem starfa fyrir deildina hafi lokið þjálfaranámskeiðum við hæfi og að stefnu ÍSÍ og KKÍ sé fylgt eftir í hvívetna.
- Að allir flokkar karla og kvenna séu starfandi og að félagið tefli fram samkeppnishæfum liðum í öllum flokkum.
- Að framkoma okkar verði ávallt til fyrirmyndar utan vallar sem innan.
 - Við erum UMF Skallagrímur og því fylgir ábyrgð.
- Að áhersla sé lögð á ástundun og aga, bæði í keppni og á æfingum.
- Að virðing sé borin fyrir merki og búningi félagsins.

Félagsleg:

- Að iðkendur læri að takast á við mótlæti jafnt sem velgengni.
- Að iðkendur læri að vera hluti af liðsheild og beri virðingu fyrir öllum sem að íþróttinni

koma.

- Að ná til sem flestra barna og unglunga í sveitarfélaginu og gera þau virk í félaginu.
 - Starfa náið með UMSB í gegnum íþrótt- og tómskundarskólann á hverjum stað.
- Að skipulag og umgjörð félagsins sé með þeim hætti að sem flestir sjá sér fært að starfa fyrir félagið og telji það eftirsóknarvert.
- Að lögð sé sérstök áhersla á að allar upplýsingar komist til iðkenda, þjálfara og foreldra með öruggum og skýrum hætti. Sérstaklega skal nýta vefsíðu deildarinnar með markvissum hætti í þessu tilliti sem og að halda vel utanum e-mail og gsm númer foreldra. Einnig er mælt til þess að allir æfingahópar haldi úti facebook- grúbbu.

3. Skipurit Körfuknattleiksdeildar

Skipurit deildarinnar endurspeglar það starf sem unnið er á hverjum tíma og skal vera í stöðugri endurskoðun.

3.1 Helstu verkefni stjórnar

Stjórn Körfuknattleiksdeildar Skallagríms skal skipuð 9 aðilum. Stjórnin skal skipta þannig með sér verkum, einn skal vera formaður, einn ritari og einn gjaldkeri. Að auki hefur fulltrúi iðkenda 16-25 ára seturétt á fundum stjórnar.

Stjórnin er þannig saman sett:

- Formaður, gjaldkeri og ritari fara með helstu erindi stjórnarinnar.
- Þrír stjórnarmenn (meðstjórnendur) skipa yngriflokkráð
- Þrír stjórnarmenn (meðstjórnendur) skipa meistaraflokksráð karla (dregja-, unglinga og m.fl karla)
- Einn stjórnarmaður (meðstjórnandi) skipar meistaraflokksráð kvenna

Stjórn deildarinnar hefur yfirumsjón og ber ábyrgð á heildar starfsemi deildarinnar. Meðal verkefna stjórnarinnar eru:

- Ábyrgð á sameiginlegum fjármálum deildarinnar þ.m.t. áætlanagerð
- Ráðning yfirþjálfara yngri flokka og þjálfara fyrir alla flokka deildarinnar
- Eftirfylgni með starfi þjálfara í samráði við yngriflokka- og meistaraflokksráð.
- Stuðningur við þjálfara og aðra starfsmenn.
- Ábyrgð á skipun yngriflokkráðs
- Ábyrgð og stuðningur við skipun foreldaráða
- Áætlanagerð í samvinnu við yngriflokka- og meistaraflokksráð
- Dreifing upplýsinga og utanumhald um vefsíðu deildarinnar
- Innheimta æfingagjalda í samráði við þjálfara
- Kosning/tilnefning fulltrúa iðkenda á aldrinum 16-25 ára
- Eftirlit með skipulagningu mótahalds
- Úrlausn vandamála

3.2. Helstu verkefni yngriflokkráðs

Yngriflokkráð skal skipað þremur aðilum, meðstjórnendum og sitja þeir þ.a.l fundi stjórnar deildarinnar. Yngriflokkráð skal hafa yfirumsjón með starfsemi yngri flokka í samráði við yfirþjálfara yngri flokka. Meðal verkefna yngriflokkráðs er:

- Að sjá um að foreldraráð fyrir hvern flokk séu mönnuð.
- Að námsskrá fyrir hvern flokk sé útbúin í samráði við yfirþjálfara yngri flokka og í samræmi við námsskrá KKÍ.
- Yfirumsjón með skipulagi/eftirliti með fjáröflunum allra yngri flokka í samræmi við reglur deildarinnar þar um.
- Að sjá um í samstarfi við stjórn deildarinnar að skipa mótstjórnir fyrir fjölíðamót sem haldin eru á vegum félagsins.
- Að sjá um að þjálfarar yngri flokka, í samráði við yfirþjálfara yngri flokka, skuli boðaðir í það minnsta til tveggja samráðsfunda á ári hverju þar sem farið er yfir áherslur í starfinu og álitamál ef einhver eru.

3.3 Helstu verkefni foreldraráðs

Foreldraráð skal skipa yfir hvern flokk sem stundar skipulagðar æfingar á vegum deildarinnar. Hvert foreldraráð skal skipað í það minnsta þremur foreldrum. Ekki skal skrá flokk til keppni í Íslandsmóti eða öðrum mótum nema þúið sé að skipa foreldraráð fyrir viðkomandi flokk. Meðal verkefna foreldraráða er:

- Að taka ákvörðun í samráði við þjálfara í hvaða mót og keppni viðkomandi flokkur er skráður. Því skal lokið ekki seinna en 5. september ár hvert.
- Skipulagning og ábyrgð á sérstökum fjáröflunum viðkomandi flokks sem ávallt skulu unnin í samráði við Yngriflokkaráð og í samræmi við reglur deildarinnar þar um.

Reglur fyrir fjáraflanir yngri flokka Körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Allar fjáraflanir og meðferð fjármuna eru á ábyrgð stjórnar Körfuknattleiksdeildar Skallagríms og því er nauðsynlegt að vel sé vandað til ákvarðana um fjáraflanir. Iðkendur og forráðamenn þeirra skulu vel upplýstir um fyrirhuguð verkefni, kostnað og fjáraflanir sem áætlaðar eru til að standa straum af kostnaði.

Skýrar reglur skulu gilda um meðferð fjármuna.

Gætt skal að því að óheimilt er að binda fjárskuldbindingar í nafni Körfuknattleiksdeildar, nema fyrir liggja samþykki yngriflokkaráðs og /eða stjórnar deildarinnar.

Óheimilt er að taka upp fjáröflun sem hefð er fyrir að annar aðili innan Umf. Skallagríms stundi, nema með samþykki hans. Þetta ákvæði á þó ekki við um söfnun áheita sem tengjast viðkomandi íþróttagrein eða útgáfustarfsemi. Komi upp vafi hér um skal leita úrskurðar aðalstjórnar Umf. Skallagríms.

- Skipulagning á akstri í leiki og á mót fyrir hvern flokk.
- Að standa fyrir ýmsum uppákomum sem styrkja félagsvitund iðkenda samkvæmt markmiðum deildarinnar í kafla 8 hér að aftan. Hvert foreldraráð skal standa fyrir einum viðburði fyrir viðkomandi flokk á hverju misseri ársins þ.e. einum að hausti, einum að vori. Hvert foreldraráð skal skila inn í upphafi tímabils (byrjun september) áætlun um félagsstarfið til Yngriflokkaráðs.

3.4 Helstu verkefni meistaraflokkaráðs

Meistaraflokkaráð skipa þrjú aðilar stjórnar (meðstjórnendur) sem og á þetta við um fulltrúa meistaraflokks kvenna. Þetta ráð heldur utan um alla starfsemi eldri flokka deildarinnar. Meðal verkefna eru, í samráði við verkefnis- framkvæmdarstjóra deildarinnar:

- Eftirlit með að fjárhagsáætlun sé fylgt og ekki sé stofnað til útgjalda sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun
- Undirbúningur fyrir leiki eldri flokka, að salurinn sé merktur viðkomandi styrktaraðilum, flaggað úti og að völlum og körfur og tilbúna til keppni ásamt búningum, búningasklefum og aðstöðu fyrir dómara.
- Að auglýsingar styrktaraðila í salnum séu í samræmi við samninga þar um
- Samskipti við þjálfara og leikmenn drengja- unglínga og meistaraflokks.

- Skipulagning á ferðum í leiki og mót.
- Sérstakar fjáraflanir í samráði við stjórn ef einhverjar eru og að þær séu í samræmi við reglur deildarinnar.

3.5 Helstu verkefni markaðs- og fjárhagsráðs

Markaðs- og fjárhagsráð er skipuð þremur meðlimum sem skipaðir eru af stjórn deildarinnar og er til ráðgjafar og stuðnings. Megin verkefni markaðs- og fjárhagsráðs er að vinna að öflun styrktaraðila og skipulagningu fjáraflana. Gjaldkeri deildarinnar ber ábyrgð á öllum fjármálum og er einum heimilt að skuldbinda deildina fjárhagslega. Fjárhagsráð skal koma að gerð fjárhagsáætlana fyrir bæði yngri og eldri flokka deildarinnar í samráði við stjórn og viðkomandi ráð.

Æskilegt er að ráðið sé þannig skipað: Gjaldkeri deildarinnar, fulltrúi yngri flokka og fulltrúum meistaraflokksráðs karla og kvenna.

3.6 Helstu verkefni mótsstjórna

Mótsstjórnir skal skipa fyrir öll fjölliðamót sem haldin eru á vegum deildarinnar. Mótsstjórnir skulu sjá um að fá sjálfboðaliða til starfa á mótum og halda utan um og skipuleggja störf þeirra. Stjórn deildarinnar og yngriflokkaráð, í samráði við yfirþjálfara yngri flokka, taka hins vegar ákvörðun um hvaða mót verða haldin og bera ábyrgð á kynningu mótanna og samskiptum við þátttakendur. Þjálfarar viðkomandi flokka í samráði við yfirþjálfara yngri flokka bera ábyrgð á mótahaldi hverju sinni.

3.7 Fulltrúi iðkenda á aldrinum 16-25 ára

Í það minnsta einn fulltrúi iðkenda á aldrinum 16-25 ára skal kosinn eða tilnefndur í upphafi hvers tímabils eða á aðalfundi deildarinnar. Hann getur óskað eftir að sitja fundi stjórnar eða ráða þar sem málefni þessa aldurs eru til umfjöllunar. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum stjórnar og skal gæta hagsmuna 16-25 ára iðkenda eftir bestu getu.

3.8 Skipurit körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Sjá fylgiskjal 4

4. Umgjörð þjálfunar og keppni

Stefnuyfirlýsing ÍSÍ og KKÍ liggur til grundvallar í öllu starfi félagsins.

4.1 Andi stefnunnar

Félagið hefur það að leiðarljósi að íþróttaiðkun skuli vera þroskandi bæði líkamlega, sálrænt og félagslega. Með því móti má skapa aðstæður fyrir mun fleiri iðkendum til að njóta sín innan íþróttahreyfingarinnar. Með skipulegri og markvissri þjálfun eins og hér er lýst má skapa börnum og unglingum aðstæður til að verða afreksmenn seinna meir á lands- eða alþjóða mælikvarða þegar þeir hafa mesta líkamlega og sálræna hæfileika til þess. Að sama skapi er gert ráð fyrir að þeir sem ekki velja afreks eða keppnisíþróttir fái tækifæri til að stunda íþróttir eða líkamsrækt við sitt hæfi á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

4.2 Skilgreiningar

- Með yngri flokkum er átt við iðkendum í 10 bekk og neðar.
- Með eldri flokkum er átt við iðkendum í drengja-/stúlkna-, unglínga- og meistaraflokkum
kk og kvk.

4.3 Markmið

Körfuknattleiksþjálfun barna og unglunga hefur mismunandi markmið og leiðir eftir aldri og getu hvers æfingahóps: Yfirþjálfari yngri flokka hefur m.a þá skilgreiningu á sínu hlutverki að fylgja eftir og uppfæra gerð kennsluskrár deildarinnar. Hver þjálfari skal fylgja skránni sem frekast er kostur.

Markmið kennsluskrárinnar er að það sé flæði í þjálfun milli aldurstiga þannig að þróun leikmanna sé í samhengi við líkamlegan og andlega þroska hvers aldurshóps. Yfirþjálfari yngri flokka heldur utanum ferlið og setur upp verkefnið á samráði við stjórn, yngriflokkaráð og þjálfara deildarinnar. Körfuknattleiksdeild Skallagríms hefur það að metnaði að skapa sér sérstöðu í þjálfun yngri flokka sem tekið verður eftir.

Kennsluskránni má finna á vef deildarinnar (Fylgiskjal 1):

http://skallagrimur.is/Files/Skra_0069075.pdf

4.4 Keppni

Keppni barna og unglunga fylgi eftirfarandi áætlun:

Keppni skal miðast við aldur og þroska og að hún sé hvati til ástundunar og framfara svo auka megi líkur á að ná settum þjálfunarmarkmiðum.

- 1- 2 bekkur

Keppni í þessum flokki á ekki að vera markmið í sjálfu sér. Sé keppni viðhöfð skal hún fara fram á félagsmótum og mótum þar sem félagar úr nágrennafélögum keppa. Mikil áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með í keppninni og að enginn skuli útilokaður vegna getu. Leikur og leikgleði ráði ríkjum í keppninni.

- 3- 4 bekkur

Keppni skal fara fram á félagsmótum sem og á héraðs og landshlutavísu.

Áhersla skal lögð á liðakeppni og að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu.

- 5- 6 bekkur

Keppni skal fara fram á félags-, landshluta-, og landsvísu. Áhersla skal lögð á liðakeppni og að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu, þó er aukin keppni á milli einstaklinga.

- 7- 8 bekkur

Keppni skal fara fram á félags-, héraðs-, landshluta-, og landsvísu og hugsanlega erlendis. Liðakeppni skal vera í fyrirrúmi en aukin áhersla miðað við fyrra aldurs skeið á keppni milli einstaklinga. Árangur í keppni orðinn markmið.

- 9- 10 bekkur

Keppni skal fara fram á félags-, héraðs-, landshluta- og landsvísu og erlendis.

Árangur í keppni orðinn markmið sem stefnt er að og þjálfunin miðast við hvort sem um lið eða einstakling er að ræða.

Körfuknattleiksdeild Skallagríms stefnir að því að senda ávallt 11 manna lið til leiks í öllum flokkum karla og kvenna á Íslandsmót. Ef þurfa þykir skal það gert í samstarfi við önnur félög og skoða skal fyrst samstarf við félög innan vébanda UMSB.

4.5 Verðlaun og viðurkenningar

Lokahóf skal haldið í lok skólaárs ár hvert (lok maí/ byrjun júní). Verðlaunaveitingar fyrir börn og unglinga á lokahófi og í keppni á vegum deildarinnar fylgi eftirfarandi reglum:

- 1- 2 bekkur

Allir fá jafna viðurkenningu á lokahófi

Allir fá jafna viðurkenningu í keppni

- 3- 4 bekkur

Allir fá jafna viðurkenningu á lokahófi

Allir fá jafna viðurkenningu í keppni

- 5- 6 bekkur

Lið vinna til verðlauna í keppni

Einstaklingar geta unnið til verðlauna á lokahófi fyrir framúrskarandi árangur

Fyrst við 11 ára aldur er leyfilegt að krýna Íslandsmeistara, einstakling eða lið.

- 7- 10 bekkur

Lið vinna til verðlauna í keppni

Einstaklingar geta unnið til verðlauna á lokahófi fyrir framúrskarandi árangur

Óæskilegt er að veita börnum og yngri unglingum stórviðurkenningar svo sem Íþróttamaður félags eða bæjar.

5. Leikmannasamningar

Gera skal samninga við alla þá iðkendur Körfuknattleiksdeildar Skallagríms sem æfa og keppa í eldri flokkum félagsins. Samningur við leikmenn í drengja- og unglíngaflokki skal vera táknrænn og fyrst og fremst hugsaður sem hvatning til að stunda íþróttina eftir bestu getu. Samningurinn er á milli deildarinnar annars vegar og iðkenda/foreldra hins vegar. Samningurinn er í grunninn skráning á æfingar á vegum deildarinnar. Þar koma fram skyldur samningaðila, upplýsingar um leikmann og foreldra ásamt öðrum atriðum. Samningurinn er tímasettur og gildir þar til að hann rennur út eða að honum er sagt upp með formlegum hætti samkvæmt þeim uppsagnarfresti sem kveðið er á um í samningnum.

Sjá nánar grunn af leikmannasamningi í fylgiskjali 3.

6. Fjármál

Megin fjárhagsmarkmið deildarinnar er ábyrg fjármálastjórn, sem felst fyrst og fremst í því að aldrei verði stofnað til útgjalda án þess að tekjur séu tryggðar. Bókhald skal fært jafnóðum og uppgjörstímabilið er almanaksárið. Þrátt fyrir að fjárhagur sé aðskilinn milli yngri og eldri flokka skal aðeins einn gjaldkeri halda utan um fjárhag beggja hluta. Þetta er gert til að auðvelda yfirsýn og eftirlit og minnka líkur á að fjármál deildarinnar fari úr böndum. Helstu atriði í fjármálastjórn deildarinnar eru:

- Að fjárhagur yngri og eldri flokka sé aðskilin annars vegar og einnig karla og kvenna í eldri flokkum.
- Sérstök fjárhagsáætlun skal gerð hvert ár fyrir hvorn hluta starfsins samkvæmt lið 2.1 um fjárhagsleg markmið. Gjaldkeri skal ávalt gera grein fyrir stöðu mála á stjórnarfundum sem haldnir eru eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.
- Ekki er stofnað til útgjalda umfram tekjur samkvæmt lið 2.1 um fjárhagsleg markmið.
- Ekki skal stofnað til útgjalda sem ekki er gert ráð fyrir í áætlunum nema að fyrir liggi hvernig fjár skal aflað til að mæta þeim útgjöldum og þá með samþykki stjórnar deildarinnar
- Reksturinn er ábyrgur og er í samræmi við lög og reglur hverju sinni samkvæmt lið 2.1 um fjárhagsleg markmið.
- Laun þjálfa taka mið af menntun þeirra, umfangi og iðkendafjölda.
- Þjálfarar hafa sambærileg laun hvort sem þeir þjálf drengi eða stúlkur.
- Þjálfarar deildarinnar eru launþegar frá með 1. janúar 2016.

6.1 Bókhald:

Bókhald deildarinnar skal fært eftir lögum og reglum eins og þær eru á hverjum tíma. Bókhaldið skal þannig upp byggt að skýrt sé hvernig tekjur og gjöld skiptast milli yngri og eldri flokka deildarinnar. Áður en ráðist er í fjáraflanir skal liggja fyrir hvernig viðkomandi fjáröflun skiptist á milli yngri og eldri hluta deildarinnar. Allt bókhald, sem og launaútreikningar eru unnir í samráði við KPMG (samkv samningi er þetta er ritað) sem er endurskoðandi Körfnattleiksdeildar Skallagríms. Skipting á bókhaldi milli yngri og eldri flokka sem og m.fl karla og kvenna er unni í samráði við KPMG.

Kynna skal styrktaraðilum hvernig fjármál deildarinnar eru upp byggð.

7. Þjálfarar og þjálfaramenntun

Stefna yngriflokkaráðs er að þjálfarar allra flokka félagsins hafi viðeigandi menntun til þeirra þjálfarastarfa sem þeir vinna. Menntun þjálfara skal vera samkvæmt kröfum ÍSÍ og KKÍ.

- Farið verður yfir menntunarstöðu þjálfara við ráðningu.
- Við samninga um starfskjör þjálfara skal tekið tillit til menntunar þeirra, reynslu og annars sem getur aukið hæfni þeirra sem þjálfara.
- Þjálfarar fá stuðning deildarinnar til að sækja endurmenntun eða til að auka við þekkingu sína. Stjórn deildarinnar skal sérstaklega fylgjast með og hvetja þjálfara til að viðhalda þekkingu sinni með því að sækja viðbótar námskeið.
- Samráðsfundir allra þjálfara yngri flokka félagsins skulu haldnir reglulega með stjórn yngriflokkaráðs. Samráðsfundir skulu haldnir í síðasta lagi í byrjun september ár hvert.
- Ef um stóra hópa iðkenda er að ræða 20 eða fleiri skal stefnt að því að þjálfari hafi aðstoðarmann sér við hlið. Skoða skal samstarf við íþróttabraut Menntaskóla Borgarfjarðar sérstaklega í þeim efnum.
- Hafa skal stefnu ÍSÍ og KKÍ um menntun þjálfara að leiðarsljós á hverjum tíma. Hér má nálgast stefnu KKÍ (Fylgiskjal 2): <http://www.kki.is/thjalfun.asp>

8. Félagsstarf

Mikilvægt er hjá félagi eins og Körfuknattleiksdeild Skallagríms að bjóða upp á meira en reglubundnar æfingar, þar sem félagslegi þátturinn hefur mikið að segja. Deildin mun kappkosta að bjóða upp á samverustundir fyrir iðkendurna utan æfinga og keppni. Starfið þarf ekki að einskorðast við þann hóp sem æfir saman. Áhersla verður lögð á að fá leikmenn meistaraflokks félagsins til þess að sýna sig hjá yngri iðkendum þar sem þeir eru oft fyrirmyndir þeirra yngri. Skipulagning á félagsstarfinu kann að verða gerð í samvinnu við foreldrafélag, félagsmiðstöðvar, skólayfirvöld eða tómstunda- og íþróttaráð. Félagsvitund er eitthvað sem er á miklu undanhaldi í samfélagi nútímans og oft er búningurinn eini samnefnari félagsins. Félagið stefnir að því að gera átak í því að efla félagsvitund og félagsanda innan knattspyrnunnar og gera það sýnilegra í bæjarfélaginu.

Markmið félagsstarfsins okkar er :

- Að vekja, hlúa að og efla áhuga iðkenda fyrir þroskandi félagsstarfi.
- Að miða starfið við þarfir hópsins og efla þannig samkennd iðkenda.
- Að draga fram sterka eiginleika einstaklingsins utan knattspyrnuvallarins.
- Að þjálfa nemendur í hópvinnu og tjáningu og gefa þeim tækifæri til að takast á við ný og fjölbreytt viðfangsefni.
- Að auka samvinnu.
- Að auka virðingu fyrir reglum.
- Að efla forvarnir og fræðsl

- Að virkja foreldrafélög hvers flokks til að standa fyrir skipulögðu félagsstarfi utan hefðbundins knattspyrnustarfs, sjá kafla 3.3.

9. Foreldrastarf

Foreldraráð eru stofnuð í hverjum flokki. Yngriflokkaráð í samvinnu við stjórn, yfirþjálfara yngri

flokka og þjálfara hefur umsjón með að koma foreldrastarfi af stað á hverju ári. Foreldrastarf verður undirbúið af viðkomandi þjálfara í samráði við yngriflokkaráð í upphafi hvers tímabils. Fyrir lengri keppnisferðalög skal alltaf boðað til fundar með foreldrum. Eftirfarandi verkefni eru meðal annars í höndum foreldaráða:

- Fjáraflanir undirbúnar og skipulagðar.
- Keppnisferðir skipulagðar.
- Vinna við mótahald skipulögð.
- Hafa umsjón með félagsstarfi í samráði við þjálfara, sjá kafla 3.3. og 8.
- Standa vörð um hagsmuni iðkenda í flokknum.
- Efla tengsl heimilis og íþróttafélags.
- Efla samskipti milli iðkenda og foreldra annars vegar og stjórnenda og þjálfara hins vegar.
- Stuðla að bættri vellíðan iðkanda í leik og starfi.
- Stuðla að betri árangri í starfi deildarinnar.

10. Forvarnarstarf

Forvarnargildi íþróttar er ótvírætt, börn og ungmenni sem eru virk í íþróttastarfi neyta síður vímuefna. Yngriflokkaráð fylgir eftirfarandi reglum til að efla forvarnir innan deildarinnar:

- Íþróttamannvirki deildarinnar er reyklaus
- Öll neysla tóbaks, munntóbaks, áfengis og annarra vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar og keppni á vegum félagsins.
- Ef upp kemst um neyslu iðkenda undir 18 ára aldri á vímuefnum verða foreldrar undantekningarlaust upplýstir. Iðkandinn fær tilmæli og ábendingar um það sem betur má fara. Ef það hefur ekki áhrif getur komið til tímabundins banns frá æfingum og keppni. Félagið ásamt þjálfara leggur sig þó fram um að aðstoða iðkandann í samráði við foreldra.
- Vímuefna og tóbaksneysla þeirra iðkenda sem eru eldri en 18 ára er brot á reglum deildarinnar og verður ekki liðin enda hefur hún áhrif á ástundun, frammistöðu og ímynd félagsins. Félagið ásamt þjálfara mun bregðast við þeim aðstæðum með tilmælum á ábendingum um það sem betur má fara. Ef það hefur ekki áhrif getur komið til tímabundins banns frá æfingum og keppni.
- Þjálfarar gegna mikilvægu hlutverki og skulu vinna eftir reglum deildarinnar.
- Félagið mun sjá þjálfurum og foreldrum (eftir þeim aldri og andrúmslofti er þurfa þykir) fyrir fræðslu um áhrif vímuefnaneyslu á árangur í íþróttum sem þjálfarar og foreldrar síðan miðla áfram til iðkenda.
- Foreldrar þurfa að vera upplýstir um stefnu körfuknattleiksdeildar Skallagríms hvað forvarnarstarf varðar.
- Íþróttafélagið Skallagrímur samþykkir aldrei ofbeldi af neinu tagi. Hvorki líkamlegt né andlegt.
- Einelti og kynferðisleg áreitni eru birtingarmyndir ofbeldis.
- Einelti er samfélagslegt vandamál og þess vegna bera allir ábyrgð á því. Allir eru skyldugir til að bregðast við ef grunur vaknar um að einhver sé lagður í einelti.
- Einelti getur haft varanleg áhrif á þolanda og því ber að bregðast við sem fyrst.
- Einnig þarf að huga að gerandanum sem getur átt í miklum vandræðum sem leiða til þessarar hegðunar. Það er okkar skylda að aðstoða hann.
- Foreldrar verða að vera vakandi fyrir líðan barnsins síns og annara barna sem í kringum þau eru. Ekkert er óviðkomandi ef einhverjum líður illa.
- Það er markmið okkar að öllum líði vel.
- Mikilvægt er að fræða iðkendur og foreldra um stefnu félagsins og þessa viðbragðsáætlun.

10.1 Birtingarmyndir

Birtingarmyndir eru fjölmargar. Hér eru nokkur dæmi um hvernig einelti getur birst í framkomu og hegðun barna:

Einelti er þegar einn aðili eða fleiri sem hann eða hún fær í lið með sér, veitist að eða níðist á öðru barni t.d. með því að segja ljót orð, hæða, niðurlægja, útiloka eða meiða á annan hátt, sálfræðilega eða líkamlega

- Uppnefningar og baktal eða hvísl um einhvern annan
- Neikvæðar sögur, frásagnir eða lygar um einhvern sem koma honum illa
- Segja öðrum að útiloka einhvern ákveðinn einstakling, tala ekki við hann, hunsa hann
- Þegar einhver er skilinn útundan, gefið í skyn að hann einn sé ekki velkominn

- Þegar gert er grín að öðrum vegna útlits eða þyngdar
- Þegar hæðst er að menningu, trú eða húðlit einhvers
- Þegar hæðst er að fötlun eða heilsuleysi einhvers
- Þegar einhver einn einstaklingur fær ekki að vera með í samverustundum, leikjum eða íþróttum
- Þegar gert er grín að einhverju og síðan þóst að verið sé að „djóka“
- Þegar neitað er að vinna með eða sitja hjá ákveðnum einstaklingi
- Þegar eigur annarra eru eyðilagðar, þeim stolið eða þær faldar
- Þegar einstaklingur er meiddur, í hann sparkað, hann sleginn, hrækt á hann eða honum hrint, klipinn, klóraður, eltur, honum haldið föstum gegn vilja hans

10.2 Rafrænt einelti

Þegar illkvittin skilaboð eru send eða komið til skila með einhverjum hætti t.d. þegar Netið eða gsm síminn er notaður til að gera eitthvað af því sem nefnt hefur verið hér að ofan. Þegar neikvæðum, skaðlegum skilaboðum um einhvern er komið áleiðis til annarra í gengum:

- Tölvupóst
- Facebook eða annar álika miðill s.s Twitter, Snapchat o.þ.h
- Blogg
- SMS
- Tekin mynd með GSM síma og sett á Netið til að hæðast að eða svívirða þann sem myndin er af.

10.3 Kynferðislegt áreiti

Vísar til framkomu eða hegðunar sem hefur að gera með kyn, kynbundna þætti, kynhneigð þess sem atferlið beinist að. Í hugtakinu *áreiti* eða *áreitni* felst að framkoman er óvelkomin. Þótt flestir eru sammála um hvað telst til almennra umgengnisreglna getur enginn ákveðið upplifun annarra. Það er því ávallt huglægt mat þolanda sem er mælikvarði á hvar mörkin liggja.

10.3.1 Dæmi um kynferðislegt áreiti

- Líkamleg snerting eða leitað eftir persónulegri nálægð umfram það sem telst venjubundið meðal fólks annarra en ástvina og fjölskyldu
- Káfa, þukla, klípa, klappa eða önnur snertisamskipti sem að öllu jafnan viðgangast ekki milli aðila sem starfa saman
- Augnatillit, svipbrigði, líkamsmál sem gefur í skyn kynferðislegar hugsanir eða tilboð um kynferðislegt samneyti
- Gláp, kynferðisleg hljóð eða hreyfingar

- Tilboð/tillögur/kröfur eða þvinganir til kynferðislegs samneytis þegar fyrir liggur að engin móttökuskilyrði eru fyrir hendi
- Tilraunir til kossa eða annarra kynferðislegra tilburða í óþokk annars aðilans
- Tilraun til nauðgunar
- Rafrænar leiðir
- Þegar rafrænar leiðir eru notaðar til að áreita einstakling kynferðislega
- Klámfengin skrif eða kynferðislegar myndir sendar einstaklingi sem upplifir þær óviðeigandi og niðurlægjandi

10.4 Viðbragðsáætlun

- Því fyrr sem starfsmenn/þjálfarar verða varir við eða fá vitneskju um einelti eða kynferðislegt áreiti í þeirra hópi því meiri líkur eru á að hægt sé að ljúka málinu, stöðva hegðunina og vinna úr neikvæðum áhrifum og afleiðingum hennar.
- Þegar grunur vaknar um að iðkandi sé lagður í einelti eða beittur öðru ofbeldi skal málinu vísað til þjálfara hópsins, íþróttafulltrúa / yfirþjálfara og verkefnastjóra félagsins. Það er hægt að gera með símtali eða með því að senda tölvupóst. Einnig er hægt að hafa samband við stjórnarmann innan félagsins.
- Skipa skal ábyrgðarmann málsins og fá a.m.k. tvo aðila innan félagsins með viðkomandi sem hann getur leitað til.
- Aðilar þessir skulu kynna sér málið betur með því að ræða við starfsfólk, umsjónarkennara og aðra þá sem eru að vinna með viðkomandi.
- Ef um einelti er að ræða skal vinna málið í samvinnu við umsjónarkennara og skólastjórnendur. Einnig skal ræða við aðra sem gætu tengst málinu.
- Ef verið er að vinna í málinu innan skólakerfisins skal óska eftir því íþróttafélagið fái að fylgjast með.
- Gera skal forráðamönnum málsaðila grein fyrir stöðunni og óska eftir liðsinni þeirra. Þetta á sérstaklega við börn yngri en 18 ára.
- Vinna skal í samvinnu við alla aðila að framkvæmdaráætlun sem miðar að því að eineltið hætti. Þetta er gert með hugsanlegri utanaðkomandi aðstoðar, s.s. sálfræðings, fulltrúa regnbogabarna og annara aðila.
- Ávallt skulu a.m.k. tveir aðilar ræða við foreldra meints geranda og þolanda. Foreldrum er boðið að vera viðstöddum þegar rætt er við barn þeirra um málið.
- Hafi tilkynningin/kvörtunin átt við rök að styðjast og gerandi (gerendur) axlar ábyrgð er ekki óalgengt að málinu ljúki á þessu stigi:
- Gerandi sýnir iðrun enda hafi e.t.v. ekki verið um ásetning að ræða
- Gerandi lofar að láta af eineltishegðuninni
- Gerandi biður afsökunar
- Hér skiptir máli:
- Hvort náðst hafi að grípa inn í málið fljótt og markvisst
- Að vinnslan hafi verið óhlutdræg og fagleg
- Hvernig eftirfylgni er háttað

Sé málið flóknari en svo að ekki fæst lausn á því á þessu stigi með tilheyrandi eftirfylgd gæti þurft að:

- Ræða áfram við aðila
- Ræða frekar við vitni, fylgismenn, foreldra aðila séu þeir -undir 18 ára, eða aðra
- Auka eftirfylgd og vitundarvakningu á staðnum
- Kanna líðan þolanda oftari
- Ræða tíðar við geranda
- Fá utanaðkomandi leiðbeiningar, ráðgjöf
- Málalok ákvarðast þegar tilkynnandi staðfestir og fyrir liggur samhljómur um að gripið hafi verið til allra mögulegra leiða til að uppræta eineltið og leysa málið á eins viðunandi hátt og unnt er miðað við aðstæður.
- Aðilar máls upplýstir um að málið verði tekið upp að nýju hefjist eineltið/áreitnið aftur.

Eftirfylgnin er fólgin í að:

- Kanna og fylgjast með líðan þolanda
- Ræða reglulega við geranda
- Fylgjast með líðan annarra á staðnum
- Veita hópnum stuðning
- Bjóða upp á einstaklingsviðtöl

10.5 Lögreglumál

Stundum verður kvörtun um kynferðislega áreitni að lögreglumáli. Þetta á við ef mál er kært til lögreglu. Þetta á undantekningarlaust við ef meintur þolandi er undir 18 ára aldri og meintur gerandi er fullorðinn einstaklingur. Séu aðilar báðir undir lögaldri skal rætt við foreldra og máli vísað til barnaverndaryfirvalda með það fyrir augum að rannsaka það frekar í Barnahúsi. Aðeins barnaverndaryfirvöld geta vísað máli til Barnahúss. Leita skal alltaf til lögreglu þegar um gróft ofbeldi er að ræða. Einnig ef gerandi ógnar öðrum með því að nota t.d. hníf og aðra hluti sem geta leitt til alvarlegra áverka.

10.6 Forvarnir

- Standa fyrir fræðslufundum fyrir foreldra og iðkendur um samskipti og mikilvægi þess að öllum líði vel.
- Foreldrar skulu fræða börn sín um hvað sé eðlilegt í samskiptum og hvað sé það ekki.
- Ræða við börnin um að þau eigi sinn líkama og enginn má gera eitthvað við hann sem þau vilja ekki. Upplýst barn hefur aukna möguleika á að:
 - Vita, skynja og greina hvers lags hegðun telst vera innan eðlilegra marka og hvaða hegðun er það ekki.
 - Þekkja birtingarmyndir atferlis/framkomu sem er óviðgeigandi og skaðleg.
 - Vita hvað á að gera ef það finnur sig í ógnandi aðstæðum þar sem hætta stöðjar að.
- Dreifa stefnu félagsins og hvernig fyrstu viðbrögð eiga að vera.

- Stuðla að góðu sambandi milli þjálfara og foreldra.
- Að þjálfari ræði við iðkendur um líðan þeirra. Hér á bæði við um samræður við hópinn og einstaklinginn.
- Að iðkendur ákveði ásamt þjálfara þær samskiptareglur sem gilda í hópnum og hvaða hegðun er talin æskileg.
- Lögð er áhersla á að þjálfarinn skipuleggi félagslega atburði þar sem tilgangurinn er að bæta samskipti og líðan hópsins.
- Þjálfari skal forðast að láta iðkendur velja sjálf í lið á æfingum.
- Þjálfari skal veita öllum jafnmikla athygli og leggja mikla áherslu á þátttöku og liðsanda. Vinna markvisst í að kenna iðkendum tillitsemi og umburðarlyndi.
- Þjálfari eða foreldri skal fara inn í búningsklefa fyrir og eftir æfingar til að kanna hvort samskipti iðkenda sé í lagi.
- Þjálfarar og starfsfólk skulu aldrei lenda í þeirri stöðu að vera eitt með iðkanda. Mikilvægt er að fá einhvern annan fullorðinn til að vera viðstaddur ef það þarf að ræða við barn í einrúmi.
- Þjálfarar eða starfsfólk skulu ekki taka að sér akstur iðkanda nema með samþykki foreldra.
- Þjálfarar og starfsfólk skulu ekki hafa samskipti við iðkendur utan æfinga og leikja nema það tengist starfinu.

11. Jafnréttismál

Körfuknattleiksdeild Skallagríms skal hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllu starfi sínu.

- Óheimilt er að neita barni eða unglungi um þjálfun á grundvelli trúar, litarháttar, þjóðernis eða búsetu.
- Jafnréttis er gætt milli kynja hvað varðar aðstöðu, æfingatíma, fjármagn og þjálfun.
- Leitast skal við að ráða jafn hæfa þjálfara til starfa hvort sem um er að ræða þjálfun drengja eða stúlkna.
- Sambærileg laun skulu greidd fyrir þjálfun drengja og stúlkna.

12. Umhverfismál

Íþróttastarfið þarf að fara fram í sátt við umhverfið. Mikilvægt er að halda umhverfinu hreinu. Fyrir utan jákvæð áhrif á þá sem starfa í íþróttahreyfingunni hefur það líka jákvæð áhrif á sveitarfélög, almenning, styrktaraðila og ríkisvald. Félagið hefur sett sér stefnu í umhverfismálum:

- Í keppnisferðum Körfuknattleiksdeildar Skallagríms skulu þjálfarar og forráðarmenn vera meðvitaðir um að góð umgengni lýsir innri manni sem m.a felur í sér:
 - Hendum ekki rusli á víðavangi
 - Sýnum umhverfi okkar tillitsemi og virðingu í formi nærgætni í hvítvetna
 - Skilum af okkur aðbúnaði og vistarverum betur en þegar við tókum við þeim
 - Sýnum gestgjöfum okkar þakklæti og tillitsemi í hvítvetna.
 - Verum stolt Skallagrímsfólk og höldum flaggi okkar hátt á lofti komandi kynslóðum til góða.
- Félagið hvetur til sparnaðar í keyrslu með því að sameinast um bíla þegar sækja þarf mót eða keppni út fyrir bæjarfélagið.
- Íþróttasvæðið er reyklaust og laust við hvers kyns vímugjafa.

- Aðgengi fyrir fatlaða sé eins gott og kostur er.
- Tiltekt fer fram á íþróttasvæði reglulega.
- Iðkendur verði hvattir til að hjóla, skokka eða ganga til æfinga þegar kostur er.
- Iðkendur skuli fara vel með áhöld og búnað þannig að sem lengst ending verði tryggð.
- Endurvinnslutunnur séu á keppnis-/vallarsvæðinu.

13. Fylgiskjöl

Á nokkrum stöðum í handbókinni er vísað í fylgiskjöl. Fylgiskjölin eru eftirfarandi:

Fylgiskjal 1. Kennsluskra en hana má finna á vef deildarinnar :

<http://skallagrimur.is/korfubolti/ynгри-flokkar/kennsluskra/>

Fylgiskjal 2. Þjálfarastig KKÍ sem finna má á vef KKÍ: <http://www.kki.is/thjalfun.asp>

Fylgiskjal 3. Leikmannasamningur: Hér að neðan má sjá grunninn að leikmannasamningi þeim sem Körfuknattleiksdeild Skallagríms hefur til grundvallar.

Fylgiskjal 4. Skipurit Körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Fylgiskjal 3

LEIKMANNASAMNINGUR/Trúnaðarmál

Körfuknattleiksdeild Skallagríms, hér eftir nefnt félag og xxxxxxxxxx, leikmaður félagsins, hér eftir nefndur leikmaður, gera með sér eftirfarandi samning, sem gildir keppnistímabilið xxxx-xxxx, nánara tiltekið frá dagsetningu undirritunar til xx. xxxxxxxx xxxx.

1. SKYLDUR LEIKMANNNS

- a. Leikmaður skuldbindur sig til þess að æfa og leika körfuknattleik með félagi sínu á samningstímanum, samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins, og taka þátt í sameiginlegum verkefnum leikmanna félagsins í samráði við stjórn þess s.s fjáröflunum og kynningarstarfi og útbreiðslu íþróttarinnar. Öll forföll á æfingar eða leiki skal leikmaður tilkynna þjálfara félagsins eða staðgengli hans.
- b. Leikmaður skal fylgja í einu og öllu þeim reglum, sem settar eru um undirbúning leikja og nota þann útbúnað, sem félagið fer fram á að verði notaður.
- c. Leikmaður skal gæta þess að öll framkoma hans og talsmáti séu félaginu sæmandi og til framdráttar jákvæðri ímynd félagsins.
- d. Leikmanni er óheimilt að gera sjálfstæðan auglýsingasamning án samráðs við stjórn félagsins.
- e. Leikmanni er óheimilt að æfa, keppa, þjálfra eða sýna körfuknattleik á vegum annars aðila en félagsins á samningstímanum án leyfis stjórnar þess. Þó skal honum ævinlega heimil þátttaka í körfuknattleikslandsleikjum Íslands, svo framarlega, sem KKÍ gætir þess að tímasetning landsleikja stangist ekki á við meistaraflokksleiki félagsins í opinberum mótum og að leikmaður njóti hæfilegrar hvíldar fyrir næsta leik með félagliðinu og svo framarlega að hann sé slysa-tryggður af hálfu KKÍ. Leikmanni er ekki heimilt að æfa eða taka þátt í öðrum íþróttagreinum en körfuknattleik án sérstaks leyfis stjórnar félagsins/þjálfara, sem setur viðeigandi skilyrði.
- f. Á samningstímanum má leikmaður ekki, án leyfis stjórnar félagsins, eiga viðræður um félagaskipti né ganga frá samningum við önnur íslensk eða erlend félög eða umboðsmenn þeirra. Ef leikmaður hyggst gera samning við erlent félag skulu samningsviðræður fara fram í samráði við og með þátttöku stjórnar félagsins, óski hún þess.
- g. Leikmaður, sem er samningsbundinn félaginu, getur ekki haft félagaskipti, nema félagið og hann séu sammála um að leysa hvorn annan frá samningnum.

2. SKYLDUR FÉLAGS

- a. Félagið skal leitast við að sjá leikmönnum fyrir sem bestri aðstöðu til æfinga og keppni þeim að kostnaðarlausu.
- b. Félagið skal gæta þess að þjálfarar félagsins stundi starf sitt á þann hátt að það skili leikmönnum og félaginu sem mestum og bestum árangri.
- c. Félagið skal vísa leikmanni, sem verður fyrir meiðslum við æfingar eða keppni á vegum þess, til hæfs læknis eða sjúkraþjálfara. Félagið skal greiða þann kostnað, sem leikmaður þyrfti að bera vegna meðferðarinnar og ekki greiðist af almannatryggingum eða tryggingafélögum, ef leikmaður fylgir leiðsögn félagsins um lækni eða sjúkraþjálfara, enda sé slík meðferð nauðsynleg vegna meiðsla við æfingar eða keppni á vegum félagsins.
- d. Félagið skal útvega leikmönnum nauðsynlegan útbúnað til keppni. Eftirfarandi útbúnaður skal lagður til: Keppnisbúningur og nauðsynlegar sjúkravörur á leikjum.
- e. Stjórn félagsins er heimilt að gera undantekningu frá reglum hvað varðar greiðslur vegna félagaskipta

samningsbundinna leikmanna. Þetta á einkum við þegar mjög persónulegar aðstæður valda félagsskiptum, t.d. ef leikmaður fer erlendis til náms. Slíkar undantekningar eru þó í öllum tilvikum háðar mati stjórnar félagsins, sem er heimilt að setja viðeigandi skilyrði.

3. ALMENN ÁKVÆÐI

- a. Ef annar hvor samningaðili verður uppvís að því að brjóta ákvæði samnings þessa í mikilvægum atriðum, getur hinn aðilinn rift honum.
- b. Aðilar geta hvenær sem er orðið sammála um að leysa hvorn annan frá samningi þessum.

4. SÉR ÁKVÆÐI

XXX fær greiddar kr XXXXXX á mánuði frá XXXXX til XXXXXXXX vegna starfa í tengslum við m.fl. xxxxxx.

Útfærsla launaliðs verði unnin í samráði við KPMG, endurskoðanda körfuknattleiksdeildar Skallagríms.

Körfuknattleiksdeild Skallagríms, starfsmenn deildarinnar, leikmenn og þjálfarar lýsa því yfir að öll tóbaksnotkun er óheimil þegar viðkomandi sinna æfingum og keppni. Öll tóbaksnotkun, sama í hvaða formi hún er, er óheimil á íþróttasvæðinu í Borgarnesi.

Borgarnesi í xxxxxxx 20xx

Undirskrift leikmanns

Undirskrift félags

Fylgiskjal 3

Skipurit Körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Vottun á viðurkenningu

Hér með er körfuknattleiksdeild Skallagríms í Borgarnes orðin formlegur aðili að Fyrirmyndafélagi ÍSÍ.

Plagg þetta er lifandi og skal endurskoðast í samræmi við þar til gerð tilmæli um Fyrirmyndafélög ÍSÍ.

Þannig samþykkt af hálfu Körfuknattleiksdeildar Skallagríms og ÍSÍ

Borgarnesi þann 29 janúar 2016

F. h Körfuknattleiksdeilar Skallagríms

F. h Íþróttá og Ólympíusambands Íslands